



Rekstraruppgjör 2009

Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur



Rekstrarskýrsla 2009

Inngangur	3
Hvernig er uppgjörið unnið.....	4
Almennt um árið	4
Breytingar á fjárhagsáætlun	5
Tekjur	5
Laun og launatengd gjöld.....	6
Annar rekstrarkostnaður.....	6
Sölustarfsemi.....	7
Viðskiptakröfur – afskriftir	7
Ferðakostnaður.....	8
Símakostnaður.....	8
Rekstrarleiga	8
Rekstraryfirlit.....	10
Frávíkagreining einstakra starfsstaða.....	12

Inngangur

Á árinu 2009 gekk rekstur ÍTR mjög vel. Á árinu varð hinsvegar halli af rekstri ÍTR samtals 67.4 mkr 1,2% en að teknu tillit til rekstrar frístundaheimila var hallinn alls 296,8 mkr. Undanfarin ár hefur ítrekað verið bent á það af hálfu ÍTR að forsendur varðandi barnafjölda í frístundaheimilum væru rangar miðað við þróun aðsóknar. Það hefur því legið fyrir alveg frá upphafi hvers árs að ÍTR myndi verða rekið með halla sama hvað aðrir starfsstaðir stæðu sig vel rekstrarlega.

Fyrir upphaf haustmisseris var leitað sérstakrar heimildar til að ráða starfsfólk til starfa á frístundaheimilunum þar sem fyrirséð var að kostnaður færi verulega fram úr áætlun vegna mikillar aðsóknar. Heimildin fékkst án leiðréttingar fjárhagsáætlunar.

Í upphafi árs var áætlun endurskoðuð og hún lækkuð um rúmar 313 mkr sem er um 4,8% af upphaflegri áætlun sviðsins. Rekstur flestra starfseininga gekk mjög vel en það eru samt sem áður nokkrir liðir sem ekki náðu að halda rekstri innan endurskoðrar áætlunar. En helstu ástæður þess umframkostnaðar eru vegna utanaðkomandi áhrifa.

Væntingar um hagræðingu með breytingu á fyrirkomulagi þjónustu hefur ekki náð að skila sér að fullu á árinu 2009. Þar á meðal voru hugmyndir um breytingu á þjónustudeild ÍTR sem var lögð niður og verkefnum úthýst. Á árinu féll nokkur aukakostnaður vegna breytinganna, ma. vegna starfslokasamninga en áætlað er að hagræðingarhugmyndir nái fram að ganga strax á árinu 2010 að fullu.

Á árinu var ráðist í breytingar á starfsemi ÍTR á Kjalarnesi þar sem í farvatninu var að færa ábyrgð á rekstri íþróttamannvirkja og frístundaheimila yfir til Menntasviðs. Vegna aðstæðna sem sköpuðust í upphafi árs var ákveðið að óska eftir því við Menntasvið að það tæki að sér umsjón með rekstri starfsstaða ÍTR á öðrum ársfjórðungi með von um verulega hagræðingu í launum, ÍTR bar áfram fjárhagslega ábyrgð. Því miður tókst ekki að ná hagræðingarkröfunni sem sett var fram við þessar breytingar þar sem bæta þurfti Menntasviði kostnað aukins rekstrarumfangs stjórnenda skólans.

Ómar Einarsson
sviðstjóri

Bragi Þór Bjarnason
fjármálastjóri

Hvernig er uppgjörið unnið

Í uppgjörinu er samanburður á milli endurskoðaðrar áætlunar og rekstrarniðurstöðu. Um mitt ár skrifaði Reykjavíkurborg undir kjarasamning við nokkur stéttafélög, í samræmi við stöðugleikasáttmála ASÍ, SA og ríkisstjórnarinnar. Launatafla lægst launuðu starfsmanna borgarinnar hækkaði um kr. 6.750,- 1. júlí og 1. nóvember. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var tryggingagjald hækkað um 1,66% frá og með 1. júní. Áætlun hefur ekki verið leiðrétt með tillit til þessara þátta en mat á áhrifum breytinga tryggingagjalds hljóðar upp á 21 mkr og kostnaðarmat kjarasamnings upp á 35 mkr.

Í frávikagreiningu er alltaf samanburður milli rekstrarniðurstöðu og fjárhagsáætlunar. Gerð er sérstök grein fyrir áhrifum kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá áætlun.

Í skýrslunni er fjallað um :

- Breytingar á fjárhagsáætlun - hagræðingu
- Samanburður áætlunar og rekstrarniðurstöðu
- Tekjur
- Launakostnaður
- Innri leigu/húsaleigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstrarleigu tækja
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreining einstakra starfsstaða

Almennt um árið

Rekstur ÍTR fór nokkuð fram úr áætlun ársins 2009, en þar sem forsendur í rekstri frístundaheimila voru gjörsamlega óraunhæfar miðað við rauntölur undanfarinna ára, er eðlilegra að miða við rekstur ÍTR án frístundaheimila. Samkvæmt forsendum frístundaheimila er gert ráð fyrir 2.100 börnum í vistun en undanfarin ár hafa þau verið mun fleiri og fóru hæst í 2.988 á síðasta ári. Flestir starfsstaðir hafa náð mjög góðum árangri í sínum hagræðingaraðgerðum í því erfiða árferði sem ríkti á síðasta ári.

Rekstrarskýrsla 2009

Eins og áður var bent á þá var áætlun ekki leiðrétt vegna kjarasamningshækkana sem gerðir voru á árinu, en kostnaðarmat liggur ekki endanlega fyrir heldur einungis mat ÍTR á einstaka kostnaðarstaði.

Mikill hluti af kostnaði ÍTR er bundinn í húsaleigu, þar sem bæði er verið að leigja af Eignasjóði Reykjavíkurborgar og af þriðja aðila. Verðlagsþróun hefur haft mikið að segja varðandi útkomu húsaleigu þar sem verðbólga var 11,8% en í forsendum var einungis gert ráð fyrir 6,5%. Undir styrkjaliðum eru stórar eignir, t.d. Egilshöll og Íþrótt- og sýningarhöllin, þar sem leigugreiðslur eru bundnar verðlagsþróun.

Aðsókn í sundlaugar borgarinnar jókst verulega frá fyrra ári og varð alls 1.833.627 gestir. Stór hluti af þeirri aðsóknaraukningu má rekja til aðgangshliða í laugunum sem eru komin til vegna gangsetningar smartkortakerfisins.

Breytingar á fjárhagsáætlun

ÍTR tók eins og önnur svið borgarinnar þátt í hagræðingarvinnu á fyrstu mánuðum ársins og var hagræðing ÍTR 313 mkr eða 4,8% af áætlun ársins.

Ekki voru gerðar aðrar breytingar á áætlun ársins að öðru leiti en því að breyting var gerð á mótframlagi til lífeyrissjóðs LSS þannig að í stað þess að greiða 11,5% var framlagið hækkað í 12%. Vegna þessa var áætlun hækkuð um 9,8 mkr.

Breytingar á fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstöðu í þús kr.

Fjárhagsáætlun	Endurskoðuð áætlun	Rekstrarniðurstaða
6.495.072.806	6.191.480.933	6.472.896.677

Rekstrarniðurstaða ÍTR er 6.488.259 þkr og er halli því 296.764 þkr en af þeim halla eru 229.358 þkr vegna frístundaheimilanna. Að undanskildum rekstri frístundaheimila nemur hallinn 67.406 þkr. Það eru nokkrir þættir sem hafa haft áhrif á rekstrarniðurstöðu ÍTR á árinu 2009, og eru þetta þeir helstu.

- Aukinn barnafjöldi í frístundaheimilum
- Aukin stuðningsþörf í frístundaheimilunum
- Endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðra ungmenna 10-16 ára sem hefur ekki enn borist
- Almennar vísitöluhækkunarir

Tekjur

Fjárhæð	Áætlun	Esk. áætlun
1.280.009.059	1.089.480.000	1.089.480.000

Rekstrarskýrsla 2009

Tekjur eru 190,5 mkr yfir áætlun. Frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Framlög Velferðarsjóðs barna vegna atvinnumála ungmenna og framlög vegna atvinnuátaksverkefnis í Austurbæ
- Tekjur vegna samstarfsverkefna í Hinu húsinu
- Auknar tekjur vegna aðsóknar í sundlaugum og Ylströnd
- Aukin aðsókn í frístundaheimilum
- Aukin aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn

Laun og launatengd gjöld

Fjárhæð	Áætlun	Esk. áætlun
2.814.705.654	2.672.868.000	2.563.462.460

Launakostnaður er 251,2 mkr hærri en áætlun sem rekja má til eftirfarandi liða:

- Kostnaðaráhrifa kjarasamnings sem kom til framkvæmda 1. júlí og 1. nóvember
- Hækkun á tryggingagjaldi í byrjun sumars
- Fleiri sumarstarfsmenn í atvinnuátaki ungmenna vegna framlags Velferðarsjóðs barna og samstarfsverkefnis í Austurbæ
- Kostnaður í Hinu húsinu vegna samstarfsverkefna, á móti koma auknar tekjur
- Fjölgun barna í frístundaheimilum þar sem viðmiðunin hefur verið 12 börn á hvern starfsmann

Annar rekstrarkostnaður

Fjárhæð	Áætlun	Esk. áætlun
4.953.562.824	4.911.684.806	4.717.498.472

Annar kostnaður er 236,1 mkr hærri en áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Kostnaður í Hinu húsinu vegna samstarfsverkefna, á móti koma auknar tekjur
- Aukinn kostnaður í sundlaugum vegna aðsóknar, verðhækkana á aðföngum og færslugjalda smartkorta
- Aukinn kostnaður vegna fjölda barna í frístundaheimilum
- Aukinn kostnaður í fjölskyldu- og húsdýragarði vegna aðfanga í veitingasölu og viðhalds á tækjabúnaði
- Hækkun húsaleigu vegna verðlagsáhrifa, t.d Egilshöll og Ípróttu- og sýningarhöll
- Hækkun á kostnaði vegna hátíðarhaldanna 17. júní m.a. vegna reikninga frá Framkvæmda- og eignasjóði.

Rekstrarskýrsla 2009

Sölustarfsemi

Á mörgum starfsstöðvum ÍTR eru starfrækrar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum er um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða sem skiptir máli við fjármögnun starfseminnar.

Heildarvelta þessarar starfsemi ár árinu 2009 nam 113.826 þkr. án virðisaukaskatts og er það aukning um 13,2% frá fyrra ári.

<i>þús.kr.</i>	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.l.	Sundhöll	Vestb.laug	Ylströnd	Fjsg.garður
Sala	16.538	4.377	13.577	29.566	757	2.963	7.954	38.094
Birgðir 1/1	929	154	691	579	28	194	0	248
Innkaup	11.792	3.190	11.584	19.743	475	1.759	4.375	19.342
Birgðir 31/12	-977	-169	-780	-964	-187	-200	0	-296
KSV	11.744	3.175	11.495	19.358	316	1.753	4.375	19.294
Álagning	4.794	1.202	2.082	10.208	441	1.210	3.579	18.800
Álagning % '09	40,8%	37,9%	18,1%	52,7%	139,6%	69,0%	81,8%	97,4%
Álagning % '08	69,5%	61,8%	105,7%	54,2%	52,3%	68,9%	55,6%	77,9%
Álagning % '07	78,5%	96,5%	48,7%	59,8%	63,4%	61,8%	100,3%	90,0%
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%
Álagning % '04	46,1%	45,8%	40,7%	27,8%	44,9%	31,6%	79,2%	69,9%
Álagning % '03	52,5%	19,8%	47,9%	33,7%	55,6%	55,6%	59,1%	81,0%

Viðskiptakröfur – afskriftir

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð 74.817.555. Hafa verður í huga að tekjur vegna frístundaheimila 43.223.991. mkr eru innheimtar eftirá og því eru allar kröfur vegna desembermánaðar ógreiddar um áramót. Kröfurnar skiptast þannig að 5.909 eru vegna einstaklinga og 124 vegna fyrirtækja og stofnana.

Aldursgreining krafna er :

2009	63.535.504
2008	5.442.062
2007	3.502.397
2006 og eldri	2.347.627
Samtals	74.827.590

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðinniheimtu og telja verður litlar líkur á skilum þeirra. Flestar viðskiptakröfur í vanskilum eru vegna frístundaheimila..

Rekstrarskýrsla 2009

Á árinu 2009 voru kröfur að samtals fjárhæð 870.265 afskrifaðar. Um er að ræða kröfur sem voru endursendar frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða viðkomandi kröfur töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Að auki var gerð óbein niðurfærsla vegna krafna frístundaheimila að fjárhæð 1.500.000 til að koma til móts við afskriftir í framtíðinni. ÍTR er búið að færa óbeina afskrift í nokkur ár og á inni á afskriftarlykli samtals 7,3 mkr sem er 10,4% af eftirstöðvum krafna 10. febrúar 2010.

Ferðakostnaður

Ein af hagræðingarkörfum sviðsins var að minnka ferðakostnað. Tókst það markmið vel, en óhjákvæmilega er nauðsynlegt að sinna ákveðnum samskiptum við nágrannalönd til að halda tengslum sem búið er að byggja upp í nokkur ár/áratugi.

Almennt séð var sett á ferðabann hjá starfsmönnum sviðsins en til að fá heimild til utanfarar þurfti að tryggja 100% fjármögnun ferðarinnar þannig að ekki félli kostnaður á ÍTR.

Samtals voru farnar 15 ferðir í tengslum við starfsemi ÍTR á árinu 2009. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er kr. 612.137,- .

Símakostnaður

Samtals eru 262 GSM símanúmer á skrá hjá ÍTR og þar af er búið að gera samning við notendur 206 númera. Mismunurinn stafar að miklu leyti af því að í nokkrum sírstöðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lægsta verð við símtal úr borðsímum, einnig er nokkuð um GSMþosa og að lokum eru nokkrir GSMsímarnotaðir í staðinn fyrir talstöðvar í sundlaugum.

Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var 13.405.638. Kostnaður vegna 44 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals 635.505, skoðaðar verða ástæður umframkeyrslu og verður hann settur í innheimtu.

Í sparnaðarátaki var lokað fyrir ákveðnar þjónustu, s.s. 118, 900 númer og símtöl til og frá útlöndum.

Rekstrarleiga

Á vegum ÍTR eru í árslok 10 tæki/bifreiðar á rekstrarleigu og ein á fjármögnunarleigu. Skuldbindingar vegna rekstrarleigutækja er 10.126.205 út samningstíma þeirra og skuldbinding vegna fjármögnunarleigu 112.524.

Heildarskuldbinding vegna leigu bifreiða og tækja er:

Rekstrarskýrsla 2009

			Fastanúmer	Skráningar- dagur	Samnings- tími til	Fjöldi mán.eftir af samningi	Gr. Á mánuð	Heildarskuld- binding
Fjölskyldu- og húsdýragarður								
Hekla	Volkswagen Tra	NI-676	08 07	15.8.2010	8	104.484	835.872	
Skrifstofa B-1								
P. Samúelsson	Toyota Yaris	YM Z96	10 07	15.10.2010	10	66.932	669.320	
Starfsemi fyrir fatlaða								
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	AA-J16	5 08	5.5.2011	17	118.455	2.013.735	
Hekla	Skoda Fabia	KL H39	12 07	15.12.2010	12	61.899	742.788	
Laugaból								
Hekla	Skoda Octavia	RE-S57	7 07	3.8.2010	7	93.936	657.552	
Laugardalslaug								
	Taski Swingo				7	36.316	254.212	
	Taski Swingo				7	35.999	251.993	
Frístundaklúbbar 10-16 ára								
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	TI E80	11 07	15.11.2010	12	135.117	1.621.404	
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	DL Y37	11 07	15.11.2010	11	139.420	1.533.620	
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	GD L68	11 07	15.11.2010	11	140.519	1.545.709	
Samtals skuldbinding vegna rekstrarleigu						933.077	10.126.205	
Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigu								
Brúðubíll								
Brimborg	Ford Transit	EB 249	1 02	14.3.2010	2	56.262	112.524	
Heildarskuldbinding vegna rekstrar- og fjármögnunarleigu						989.339	10.238.729	

R E K S T U R janúar-desember 2009							
eining1	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstar- kostnaður	Rekstar- niðurstaða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af Esk. áætlun tímabils
Íþróttta- og tómstundasvið							
Yfirstjórn ÍTR:							
Yfirstjórn ÍTR	I2000	(32)	125.551	5.277	130.860	132.404	99%
		(32)	125.551	5.277	130.860	132.404	99%
Atvinnumál:							
Atvinnumál	I2050	21.344	115.890	3.004	97.549	96.194	(1.356) 101%
		21.344	115.890	3.004	97.549	96.194	(1.356) 101%
Tómstundamál:							
Frístundamiðstöðin Miðberg	I301	3.502	70.918	55.688	123.104	120.502	(2.602) 102%
Frístundamiðstöðin Kringlumýri	I302	630	86.547	45.374	131.292	130.507	(784) 101%
Frístundamiðstöðin Kampur	I303	338	47.060	10.180	56.902	58.151	1.250 98%
Frístundamiðstöðin Ársel	I304	1.628	70.515	47.962	116.850	115.655	(1.195) 101%
Frístundamiðstöðin Frostaskjól	I305	574	39.623	11.847	50.896	58.779	7.882 87%
Frístundamiðstöðin Gufunesbær	I309	6.362	102.893	37.377	133.908	135.000	1.092 99%
Félagsstarf í hverfum	I3510	1.855	4.049	8.835	11.028	11.064	36 100%
Starfsemi fyrir fatlaða	I3720		2.260	2.542	4.803	4.878	75 98%
Sumargrín og smíðavellir	I3880	344	5.818	8.979	14.452	11.158	(3.294) 130%
Sumarnámskeið fyrir börn	I3910		23.953	2.827	26.780	26.992	212 99%
Hitt Húsið	I4000	64.315	106.135	91.703	133.524	134.618	1.094 99%
Youth	I4022			4.609	4.609		(4.609)
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	3.064	19.260	8.984	25.180	24.385	(795) 103%
Þróunarverkefni	I7550	1.530	10.507	1.886	10.863	10.929	66 99%
		84.141	589.538	338.793	844.190	842.619	(1.571) 100%
Íþróttamál:							
Laugardalslaug	I5000	204.985	206.471	330.820	332.306	337.724	5.418 98%
Vesturbæjarlaug	I5010	63.463	68.338	52.018	56.893	55.886	(1.007) 102%
Sundhöll	I5020	42.689	61.786	55.205	74.302	73.008	(1.294) 102%
Breiðholtslaug	I5030	51.631	84.093	74.909	107.370	103.085	(4.285) 104%
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	29.726	14.467	34.787	19.528	25.794	6.266 76%
Árbæjarlaug	I5040	87.025	83.150	150.187	146.312	146.216	(96) 100%
Grafarvogslaug	I5050	75.976	91.640	112.834	128.498	132.786	4.289 97%
Íþróttahús Grafarvogi	I5051	25.389	18.970	72.627	66.208	67.490	1.282 98%
Íþróttamiðstöðin Klébergi	I5060	5.989	10.830	25.319	30.160	23.483	(6.677) 128%
Hvammsvík	I5070	11.495	3.849	7.646		27	27 0%
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	8.442	16.393	24.407	32.358	31.479	(878) 103%
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	24.426	22.059	36.537	34.170	36.999	2.828 92%
Íþróttahús KHÍ	I5230	7.756	10.970	3.277	6.491	6.753	262 96%
Laugaból	I5240	37.726	23.281	24.140	9.695	6.026	(3.669) 161%
Þjónusta við félög	I540		11	29.939	29.950	26.941	(3.009) 111%
Þjónustudeild ÍTR	I5400	3.122	11.611	16.130	24.619	20.708	(3.911) 119%
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	15.000		25.228	10.228	9.999	(228) 102%
Sparkvöllir borgarhluta 2	I5422			45.477	45.477	44.228	(1.249) 103%
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500		7.376	4.458	11.834	11.030	(804) 107%
Heilsuborgin Reykjavík	I5600	4.203		7.364	3.161	2.996	(165) 106%
Skíðabrekkur borgarhluta 3	I6403		3.133	3.993	7.126	6.523	(603) 109%
Skíðasvæði - fólkvangur	I6800				()		
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðis	I6900			87.000	87.000	87.000	
		699.044	738.428	1.224.301	1.263.685	1.256.181	(7.504) 101%
Önnur starfsemi:							
Kynningar- og markaðsmál	I2010			5.346	5.346	14.008	8.662 38%
Fræðsla og jafnréttismál	I2020		17.110	5.291	22.401	25.269	2.868 89%
Rannsóknir og kannanir	I2030		1.689	248	1.937	1.997	60 97%
Menningartengd starfsemi	I7600		969	2.094	3.062	3.597	535 85%
Hátíðahöld 17. júní	I8000		392	22.976	23.367	12.000	(11.367) 195%
Fólkvangur Kjalarnesi	I8250	1.116	1.762	4.166	4.812	3.605	(1.207) 133%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I840	132.305	157.451	107.895	133.041	140.495	7.454 95%
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	6.205		25.899	19.694	18.268	(1.426) 108%
Langtímaveikindi og leyfi	I8461		43.530		43.530	38.986	(4.545) 112%
Stöðugildi þjónustumiðstöðvar	I8463			31.460	31.460	23.964	(7.496) 131%

REYKJAVÍKURBORG (Allar fjárhæðir í þúsundum króna)

Leiga tölvubúnaðar - UTM	I8465			47.235	47.235	43.984	(3.251)	107%
Uppgjörsliður tekna	I8469	146		146				
Gjaldfærð lausafjárkaup	I8999			20.578	20.578	20.000	(578)	103%
		139.772	222.903	273.333	356.465	346.173	(10.292)	103%
<i>Syrkir:</i>								
Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	I9010			24.040	24.040	24.000	(40)	100%
Húsaleiga af borgarmannvirkjum	I9050			644.658	644.658	634.337	(10.320)	102%
Byggingastyrkir	I9300			315.230	315.230	320.000	4.770	99%
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	I9310			30.000	30.000	30.000		100%
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	9.582		1.497.556	1.487.975	1.457.002	(30.973)	102%
Frístundakort	I9340		8.903	368.918	377.820	369.479	(8.341)	102%
		9.582	8.903	2.880.402	2.879.723	2.834.818	(44.905)	102%
<i>Annað:</i>								
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	I9000			19.426	19.426	19.416	(10)	100%
Innri leiga áhalda og tækja	I9997			10.669	10.669	7.357	(3.312)	145%
				30.095	30.095	26.773	(3.322)	112%
Íþrótt- og tómstundasvið samtals		953.851	1.801.213	4.755.206	5.602.567	5.535.161	(67.406)	101%
<i>Frístundaheimili og - klúbbar:</i>								
Frístundaheimili ÍTR	I71	321.920	944.962	172.759	795.801	585.391	(210.411)	136%
Frístundaklúbbar	I7180	4.238	68.531	25.598	89.891	70.944	(18.947)	127%
		326.158	1.013.493	198.357	885.692	656.334	(229.358)	135%
Íþrótt- og tómstundasvið samtals		1.280.009	2.814.706	4.953.563	6.488.259	6.191.495	(296.764)	105%

Frávikagreining einstakra starfsstaða

Hafa ber í huga að áætlun starfsstaða hefur ekki verið leiðrétt vegna áhrifa kjarasamninga og tryggingagjalds.

I205x – Atvinnumál

Rekstrarniðurstaða Atvinnumála var 1.356 þkr (1,4%) hærri en áætlun. Megin ástæða frávika á þessum lið má rekja til áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds. Flestallir starfsmenn, sem eru ungmenni í sumarvinnu, fengu hækkun samkvæmt kjarasamningnum.

Tekjur urðu rúmar 21,3 mkr en ekki hafði verið gert ráð fyrir tekjum á þessum lið. Tekjurnar má rekja til ákvörðunar Velferðarsjóðs barna sem ákvað að styrkja Reykjavíkurborg um 14 mkr til að ráða 17 ára ungmenni í vinnu í sumar. Í maí var ákveðið að ráðast í sérverkefni, með stuðningi Orkuveitu Reykjavíkur, Rauða Kross Íslands og Menntamálaráðuneytis, til að reka sérúrræði fyrir atvinnulaus ungmenni í húsnæði Austurbæjarbíó.

Launakostnaður fór 19,7 mkr yfir áætlun sem rekja má til framngreinds styrks Velferðarsjóðs barna og Austurbæjarbíósverkefnisins.

Tómstundamál

Rekstrarniðurstaða skrifstofu tómstundamála var 1.723.091 þkr sem er 224.455 (14,98%) hærri en áætlun. Stærsta frávikið er vegna reksturs frístundaheimila og – klúbba. Ef þessir tveir þættir eru undanskildir þá nam frávik tómstundamála 509 eða 0,06% undir áætlun sem er eðlilegri viðmiðun um árangur skrifstofunnar á liðnu ári.

I301x Miðberg

Rekstrarniðurstaða Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs var 123.104 þkr. sem er 2.602 þkr. (2,2%) hærri en áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa af kjarasamningi og hækkun tryggingagjalds nemur frávikið 1.649 þkr. (1,4%) hærri en áætlun.

SKÝRINGAR

I3880 Sumargrín og smíðavellir

Rekstrarniðurstaða Smíðavalla var 14.452 þkr. sem er 3.294 þkr. (29,5%) hærri en áætlun.

Tekjur ársins námu 344 þkr. sem er 1.515 þkr. undir áætlun. Breyting var gerð á starfsemi smíðavallanna á þann veg að kofarnir sem voru smíðaðir voru ekki keyrðir heim eins verið hefur undanfarin ár gegn greiðslu. Tekjukrafa var því óraunhæf.

Annar kostnaður nam 8.711 þkr. sem er 1.683 þkr. hærri en áætlun. Öll aðföng vegna smíðavalla hafa hækkað mikið á árinu, bæði efni og flutningur. Nokkuð ljóst er að breyta þarf verkefninu fyrir árið 2010 til að hægt sé að reka eininguna innan fjárheimilda.

Rekstrarskýrsla 2009

I5300 Siglingar í Nauthólsvík

Rekstrarniðurstaða Sigluness var 25.180 þkr. sem er 795 þkr (3,3%) hærri en áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar vegna kjarasamninga og hækkunar tryggingagjalds er frávikíð 480 þkr. eða 2%.

Tekjur ársins námu 3.064 þkr sem er 950 þkr hærri en áætlun. Mjög mikil aðsókn var að sumarnámskeiðum.

Annar kostnaður nam 6.419 þkr sem er 1.949 þkr hærri en áætlun. Bæta þurfti lagnir fyrir pott og útisturtur en kostnaður féll á ÍTR en ekki framkvæmda- og eignasvið. Ráðist var í tímabærar lagfæringar á eldhúsi staðarins. Viðhald á bátum fór nokkuð fram úr áætlun.

I7100 Frístundaheimili

Samkvæmt uppgjöri nemur halli vegna reksturs frístundaheimila alls 210.4 mkr á árinu 2009. Rétt er að halda því til haga að samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar er einungis gert ráð fyrir 2.100 börnum í vistun að meðaltali á árinu. Frá árinu 2004 hefur ítrekað verið bent á það af hálfu ÍTR að forsendurnar eru rangar þar sem tilmæli stjórnar Reykjavíkurborgar hafa verið að taka við öllum börnum sem óska eftir plássi. Niðurstaða í fjárhagsáætlun hefur alltaf orðið 2.100 börn þrátt fyrir að vitað væri að fjöldi barna og þar af leiðandi kostnaður borgarinnar af rekstri frístundaheimila væri vanreiknaður. Meðaltalsfjöldi á vormisseri 2009 var 2.577 (5 daga pláss 2.269) börn en í janúar voru þau 2.692 (5 daga pláss 2.392). Erfitt er að bregðast við breyttum barnafjölda á vormisseri þar sem búið er að skrifa undir ráðningarsamninga sem eru bundnir til loka vormisseris í flestum tilfellum. Meðaltalsfjöldi á haustmisseri var 2.963 (5 daga pláss 2.671), í desember voru 2.988 börn í vistun en börnum í fullri vistun hafði fækkað í öllum mánuðum frá toppnum í september þar sem 2.685 5 daga vistanir voru.

Kostnaðarstaður	Niðurstaða	Áætlun	Frávik	Hlutfall
Tekjur	-321.920.298	-246.942.000	-74.978.298	30,4%
Launakostnaður	944.962.368	681.226.587	263.735.781	38,7%
Innri leiga	16.722.358	7.404.000	9.318.358	125,9%
Hlutdeild í sameiginlegum kostna	-4.207.098		-4.207.098	
Annar kostnaður	160.243.832	143.702.000	16.541.832	11,5%
Samtals	795.801.162	585.390.587	210.410.575	35,9%
Aætluð áhrif				
kjarasamnings/hækkunar	-17.416.485			
Endurgreiðsla jöfnunarsjóðs	-10.000.000			
Leiðrétt staða	768.384.677	585.390.587	182.994.090	31,3%

Gerðar hafa verið athugasemdir af hálfu fjármálaskrifstofu vegna útkomu frístundaheimila mörg undanfarin ár, þar sem settar hafa verið fram spurningar um heimildir ÍTR til umframkostnaðar á verkefninu. Í öllum milliuppgjörum hafa komið ábendingar frá ÍTR um fyrirsjáanlegan halla á rekstri frístundaheimila sem eru sjáanlegar á fyrstu þremur mánuðum ársins, jafnvel svo snemma sem við samþykkt áætlunar. Það er loksins núna á árinu 2010 sem athugasemdir ÍTR varðandi


Rekstrarskýrsla 2009

barnafjöldann hafar verið teknað til greina og hann hækkaður umtalsvert í forsendum fjárhagsáætlunar.

Á árinu 2007 var ákveðið að taka upp sveigjanlegan vistunartíma til að koma til móts við sístækkandi biðlista vegna manneklu sem hafði verið viðloðandi starfið á hverju einasta hausti. Eftir að sveigjanlegur vistunartími var tekinn upp hefur börnum fjölgað mikið, en um 75% barnanna eru samt sem áður að nýta fulla vistun.

Fjöldi daga/hlutfall	Vormisseri	Haustmisseri
1	2,7%	2,1%
2	6,8%	5,7%
3	10,9%	8,8%
4	7,0%	6,2%
5	72,7%	77,2%

Á árinu 2009 hefur barnafjöldinn mest farið upp í 2.988 börn í 2.672 5 daga plássum.



Fjöldi barna sem þarf stuðning í almenna skólakerfinu (frístundaheimilunum) hefur verið að aukast ár frá ári. Hafa verður í huga að samkvæmt innritunarreglum frístundaheimilanna þá njóta 6 ára börn og börn með sérþarfir forgangs (að því gefnu að sótt hafi verið um á „eðlilegum“ tíma).

Rekja má frávík í rekstri frístundaheimila til 6 þátta:

1. Meiri fjöldi barna en forsendur fjárhagsáætlunar gera ráð fyrir. Sérstaklega var leitað eftir heimild síðastliðið haust með heimild til umfram kostnaðar vegna inntöku barna sem voru umfram forsendur fjárhagsáætlunar (2.100 börn). Á vormisseri voru börn í þjónustu mun fleiri en forsendur sögðu til um þannig að í raun hefði ekki mátt taka inn nema rúm 1.900 börn að hausti ef halda ætti barnafjöldanum innan forsendna fjárhagsáætlunar.
2. Kostnaður vegna kjarasamnings sem kom til framkvæmda 1. júlí og 1. nóvember. Áætlaður kostnaður vegna hans nemur um 10,2 mkr.

3. Kostnaður vegna bandorms ríkisstjórnarinnar, 7,2 mkr.
4. Aukinn kostnaður við stuðning í almennu frístundaheimilunum vegna aukins fjölda barna.
5. Kostnaður við húsnæði frístundaheimilanna. Vegna mikillar fjölgunar barna hefur þurft að leigja húsnæði undir starfsemina þar sem skólarnir hafa ekki húsrými sem frístundaheimilin geta nýtt, þetta á t.d. við um húsnæði í Vesturbæ þar sem 3-4 bekkir skólanna eru sameinaðir á einum stað í Frostheimum.
6. Kostnaður við rekstur frístundaheimilis í Öskjuhlíðarskóla hefur aukist töluvert vegna meiri fötlunar barna og unglinga. Dæmi er um að unglingur þurfi 2 starfsmenn á sig, sem hefur mikil áhrif þegar gert er ráð fyrir að það séu 2 börn á starfsmann að jafnaði.

Samkvæmt samþykkt borgarráðs frá árinu 2002 um rekstur frístundaheimila þá átti ÍTR að fá afnot af húsnæði skólanna undir reksturinn. Eftir því sem aðsóknin hefur aukist þá hefur húsnæðið sem skólarnir eru tilbúnir að láta af hendi undir rekstur frístundaheimila ekki dugað. Afleiðingin er sú að ÍTR hefur þurft að leigja húsnæði sem kemur sem hreinn aukakostnaður borgarinnar. Beinn kostnaður ÍTR af húsnæði vegna frístundaheimilanna árið 2009 nemur 27 mkr, þar af húsaleiga 20 mkr. Í upphaflegri borgarráðssamþykkt var ekki gert ráð fyrir að ÍTR væri að greiða fyrir rekstrarkostnað á húsnæði heldur eingöngu beinan kostnað við starfsemi frístundaheimilanna.

Á árinu 2009 hefur jöfnunarsjóður ekki greitt framlög fyrir ungmenni 10-16 ára eins og reglur kveða á um. Miðað hefur verið við að framlag jöfnunarsjóðs nemi 50% sem er samkvæmt samningi Félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2006. Þar sem kemur fram að framlag ríkisins vegna reksturs frístundaklúbba fyrir 10-16 ára nemi sömu fjárhæð og sveitarfélaganna (60 mkr.). Frá því að samningurinn er gerður hafa skolið á miklar kostnaðarhækkanir á sveitarfélögunum, bæði í formi hærri launakostnaðar starfsmanna sem sinna þessum ungmennum sem og hækkun á öllum aðföngum. Framlög jöfnunarsjóðs hafa ekki tekið neinum breytingum og nema enn 60 mkr.

Íþróttamál


Rekstrarniðurstaða skrifstofu íþróttamála var 1.257.610 þkr. sem er 1.429 þkr (0,11%) yfir áætlun. Tekjur sundlauga voru 42 mkr hærri en áætlun og rekstrarkostnaður var 39,2 mkr hærri en áætlun. Gestafjöldi sundlauga árið 2009 var 1.833.627 sem er 11,4% fleiri en árið áður. Á árinu var farið í útboð vegna kaupa á klór og baðsápu þar sem fyrri samningur rann út um mánaðarmótin mars/apríl. Niðurstaða útboðsins var að innkaupsverð klórs hækkaði um 40% sem er verulega umfram forsendur fjárhagsáætlunar.

Rekstrarskýrsla 2009

Á árinu var smartkortakerfið tekið í notkun að fullu meðal annars með tilheyrandi lokun aðgangshliða. Hluta af aðsóknaraukningunni má rekja til lokunar hliðanna en áður hafði nokkuð borið á því að gestir hefðu farið í laugar án þess að greiða aðgang.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig þróun rekstrarliða í sundlaugum hefur verið í samanburði við gestafjölda frá árinu 2002 á verðlagi ársins 2009. Sjá má að allir liðir hafa lækkað sem bæði má rekja til aukins gestafjölda og

verðlagsþróunar. Frá árinu 2007 hefur gjaldskrá sundlauga ekki hækkað þrátt fyrir töluverða hækkun aðfanga til reksturs lauganna og kjarasamninga.



I5000 Laugardalslaug

Rekstrarniðustaða Laugardalslaugar var 332.306 þkr. sem er 5.418 þkr (1,6%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 11.003 þkr eða 3,3% undir áætlun.

Tekjur námu 204.905 þkr eða 8,9% yfir áætlun. Aðsóknaraukningu má að miklu leiti rekja til lokunar aðgangshliða í lauginni en einnig hefur ferðamannastraumur til landsins töluverð áhrif þar sem Laugardalslaugin er sú laug sem ferðamenn sækja helst í.

Launakostnaður nam 206.470 þkr, sem er 16.783 þkr yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 103.001 þkr, sem er 14.443 þkr yfir áætlun. Stærsta frávikið má rekja til færslugjalda vegna smartkortanna og er það einnig í öðrum laugum.

Á haustmánuðum var haldið Evrópumót fatlaðra í sundi í Laugardalslaug og varð útlagður kostnaður vegna þess nokkur. Ef ekki hefði komið til mótsins hefði rekstrarútkoma orðið mun betri. Mótið tókst einstaklega vel í alla staði og fengu aðstandendur mikið hrós frá innlendum og erlendum aðilum.

I5010 Vesturbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða Vesturbæjarlaugar var 56.893 þkr. sem er 1.007 þkr (1,8%) yfir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 804 þkr eða 1,4% undir áætlun.

Tekjur námu 63.463 þkr eða 10,6% yfir áætlun.

Annar kostnaður nam 32.390 þkr. sem er 7.904 þkr yfir áætlun. Skýringar á frávikum eru vegna hækkunar klórs og baðsápu og hækkun aðkeyptrar ræstingar.

I5020 Sundhöll

Rekstrarniðurstaða Sundhallarinnar var 74.302 þkr sem er 1.294 þkr (1,8%) yfir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 60 þkr eða 0,1% undir áætlun.

Tekjur námu 42.689 þkr sem eru 15,4% yfir áætlun.

Launakostnaður nam 61.785 þkr. sem er 3.270 herra en áætlun, 1.916 þkr að teknu tilliti til kjarasamningshækkunar og tryggingagjalds. Ein af forsendum áætlunar 2009 var að laugin væri lokuð vegna viðhalds í sex vikur. Áætlaður sparnaður hefur ekki alveg gengið eftir eins og vonir stóðu til.

Annar kostnaður nam 14.857 sem er 3.710 þkr yfir áætlun. Skýringar á frávikum vegna hækkunar klórs og baðsápu.

I5030 Breiðholtslaug

Rekstrarniðurstaða Breiðholtslaugar var 107.370 þkr. sem er 4.285 þkr (4,2%) yfir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 2.150 þkr eða 2,1% yfir áætlun.

Tekjur námu 51.631 þkr eða 3,3% undir áætlun. Full mikil bjartsýni hefur verið í áætlun tekna Breiðholtslaugar.

Annar kostnaður nam 32.644 þkr. sem er 3.616 þkr yfir áætlun. Skýringar á frávikum eru hækkun klórs og baðsápu og kostnaður vegna viðhalds og endurbóta.

I5040 Árbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða Árbæjarlaugar var 146.332 þkr. sem er 116 þkr (0,1%) yfir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 2.093 þkr eða 1,4% undir áætlun.

Tekjur námu 87.025 þkr eða 10,8% yfir áætlun.

Rekstrarskýrsla 2009

Annar kostnaður nam 57.680 þkr. sem er 7.465 þkr yfir áætlun. Skýringar á frávikum eru hækkun klórs og baðsápu og verðlagsbreyting aðkeyprtar ræstingar.

I5050 Grafarvogslaug

Rekstrarniðurstaða Grafarvogslaugar var 128.498 þkr. sem er 4.288 þkr (3,2%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 7.026 þkr eða 5,3% undir áætlun.

Tekjur námu 75.976 þkr eða 9,4% yfir áætlun.

Annar kostnaður nam 36.963 þkr. sem er 1.837 þkr yfir áætlun. Skýringar á frávikum eru hækkun klórs og baðsápu.

I5060 Íþróttamiðstöð Klébergs

Rekstrarniðurstaða Íþróttamiðstöðvar Klébergs var 30.160 þkr. sem er 6.677 þkr (28,4%) yfir áætlun.

Í upphafi árs hætti forstöðumaður Íþróttamannvirkja störfum og var þá ákveðið að fara í breytingar á öllum rekstri ÍTR á Kjalarnesi. Staða forstöðumanns var lögð niður og var hugmyndin að færa rekstur íþróttamiðstöðvarinnar, félagsmiðstöðvarinnar, frístundaheimilisins og Fólkvangs yfir til Klébergsskóla til hagræðingar fyrir borgina í heild. Ákveðið var í hagræðingarvinnu sem unnin var í febrúar/mars að þessar breytingar myndu skila árangri. Áætlað var að yfirfærslan til Klébergsskóla myndi eiga sér stað um mánaðarmótin ágúst/september.

Hugmynd ÍTR gekk útá að skólinn hefði mikla möguleika á að samnýta starfsfólk t.d. þannig að ekki þyrfti að kalla út fólk í veikindum heldur væri hægt að nýta skólaliða í veikindum starfsfólks íþróttahússins.

Þessar hagræðingarhugmyndir ÍTR hafa ekki gengið upp á árinu 2009, þar sem Klébergsskóli hefur séð að mestu um reksturinn frá mars mánuði en fjárhagsleg ábyrgð liggur samt sem áður hjá ÍTR. Þegar ákveðið var að láta Klébergsskóla sjá um ákveðið ut anumhald var ekki búist við að greiða þyrfti fleiri tugi tíma fyrir það í hverjum einasta mánuði. Þetta hefur leitt til þess að sú hagræðing sem áætlað var að myndi verða við yfirfærslu verkefna ÍTR á Kjalarnesi á árinu 2009 varð ekki.

I5031 Íþróttahúsið í Austurbergi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 19.528 þkr. sem er 6.266 þkr (24,3%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 6.691 þkr eða 25,9% undir áætlun.

Tekjur námu 29.726 þkr eða 8,8% yfir áætlun vegna fleiri leigðra tíma en búist var við.

Rekstrarskýrsla 2009

Launakostnaður nam 14.467 sem er 3.117 undir áætlun. Skýringar á frávikum launakostnaðar eru almenn hagræðing í vaktakerfi og veikindi forstöðumanns.

Annar kostnaður nam 3.340 þkr. sem er 767 þkr undir áætlun.

I5051 Íþróttahús í Grafarvogi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 66.208 þkr. sem er 1.281 þkr (1,9%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 1.680 þkr eða 2,5% undir áætlun.

Tekjur námu 26.397 þkr eða 3,8% undir áætlun. Tekjur íþróttahússins eru að öllu leiti tilkomin vegna notkunar skóla vegna leikfímikennslu. Gert hafði verið ráð fyrir of mikilli notkun skóla á íþróttahúsinu.

Launakostnaður nam 18.970 þkr. sem er 9,8% undir áætlun. Vegna fyrirséðra minni tekna var öll yfirvinna skoðuð og reynt eftir fremsta megni að kalla ekki út fólk í veikindaafleysingar. Einnig voru æfingatöflum breytt.

I5080 Ylströndin í Nauthólsvík

Rekstrarniðurstaða Ylstrandar var 32.357 þkr. sem er 878 þkr (2,8%) yfir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 586 þkr eða 1,9% yfir áætlun.

Tekjur námu 8.442 þkr eða 200,4% yfir áætlun. Aukin aðsókn í sumar hefur skilað aukinni veltu í veitingasölu.

Launakostnaður nam 16.393 þkr. sem er 2.117 þkr yfir áætlun eða 14,8%. Megin skýringar á þessu fráviki eru að ákveðið var að hafa opið tveimur vikum lengur í sumar vegna góðviðris og einnig hefur kostnaður fallið til vegna mikillar ásóknar í sjósund.

Annar kostnaður nam 11.181 þkr. sem er 4.395 þkr yfir áætlun. Skýringar á frávikum eru aukinn kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu vegna mikillar sölu, orkukostnaður sem tilheyrir 2008 var gjaldfærður á árinu 2009 og einnig hefur orkukostnaður vegna aukins fjölda sjósundsdaga í vikur hverri hækkað nokkuð.

I5220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 34.170 þkr. sem er 2.828 þkr (7,6%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 3.296 þkr eða 8,9% undir áætlun.

Tekjur námu 24.426 þkr eða 4,5% yfir áætlun.

Rekstrarskýrsla 2009

Annar kostnaður nam 2.546 þkr. sem er 1.337 þkr undir áætlun.

I5230 Íþróttahús KHÍ

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 6.491 þkr. sem er 262 þkr (3,9%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 566 þkr eða 8,4% undir áætlun.

Tekjur námu 7.756 þkr eða 13,6% undir áætlun.

Launakostnaður nam 10.970 þkr sem er 2.149 þkr. undir áætlun eða 16,4%.

Annar kostnaður nam 3.277 þkr. sem er 669 þkr yfir áætlun.

I5240 Laugaból

Rekstrarniðurstaða Laugabóls var 9.695 þkr. sem er 3.669 þkr (60,9%) yfir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds er frávikið 3.160 þkr eða 52,5% yfir áætlun.

Tekjur námu 37. 726 þkr eða 6,6% undir áætlun. Væntingar til útleigu hafa ekki gengið upp á árinu.

Launakostnaður nam 24.281 þkr. sem er 1.985 þkr undir áætlun.

Annar kostnaður nam 24.140 þkr. sem er 2.973 þkr yfir áætlun. Helstu skýrinagr er kostnaður við viðhald Valbjarnavallar sem féll á ÍTR og aukna notkun á húsinu auk almennra kostnaðarhækkana.

I5400 Þjónustudeild ÍTR

Rekstrarniðurstaða Þjónustudeildar var 24.618 þkr. sem er 3.911 þkr (18,9%) yfir áætlun.

Tekjur námu 3.122 þkr sem er 3.062 yfir áætlun. Um er að ræða endurgreiðslur á orkukostnaði vegna húsnaðis í Skerjafirði þar sem kostnaður var bókaður á þjónustudeildina.

Launakostnaður nam 11.611 þkr sem er 1.626 þkr hærri en áætlun. Í forsendum var gert ráð fyrir að forstöðumaður og verkefnisstjóri myndu hætta störfum við 70 ára aldur, en þegar á reyndi þá hendaði það starfseminni illa þar sem megin verkefnatími þjónustudeildarinnar er yfir sumartímann. Ef farið hefði verið eftir 70 ára reglunni hefði þeir hætt störfum á miðju álagstímabilinu. Samningum var því framlengt við starfsmenn þjónustudeildar þannig að þeir fóru út af launaskrá í október.

Annar kostnaður nam 15.626 þkr. sem er 5.348 þkr yfir áætlun. Megin skýringar eru að rekstrarleigu tæka og kaup á bifreið í upphafi árs voru nokkuð yfir áætlun. Ákveðið var að kaupa bíl, sem var áður á rekstrarleigu, eftir að leitað hafði verið tilboða í áframhaldandi rekstrarleigu

Rekstrarskýrsla 2009

bifreiðar. Niðurstaðan var að kaupin á bílnum jafngiltu 8 mánaða rekstrarleigu. Vegna breytinga á verkefnum þjónustumiðstöðvar þurfti að kaupa áburðardreifara fyrir íþróttafélögin þar sem þau munu í framtíðinni sjá um áburðardreifinguna sjálf, kostnaður 1,7 mkr.

I5401-I5404 Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða Þjónustu við félög var 29.811 þkr. sem er 3.009 þkr (11,2%) hærri en áætlun. Skýringar á hærri rekstrarkostnaði eru að kaupa þurfti tónþökur til að bæta ásýnd svæða í Grafarholti og lagfæringa á kastsvæði í Laugardal sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.

I5411 Gervigrasvöllur við Austurberg

Rekstrarniðurstaða Gervigrasvallarins var 10.227 þkr. sem er 228 þkr (2,3%) yfir áætlun.

Verktakinn sem sá um framkvæmdir við félagshús Leiknis sendi ÍTR reikning vegna uppgjörs á rafmagni en þessi kostnaður hefði átt að falla á framkvæmdina.

I5422 Sparkvellingir

Rekstrarniðurstaða Sparkvalla var 45.477 þkr. sem er 1.249 þkr (2,8%) yfir áætlun.

Orkukostnaður fór nokkuð fram úr áætlun þar sem síðastliðinn vetur var frekar kaldur þurfti meira heitt vatn undir vellina en gert var ráð fyrir.

I5500 Íþróttastarfsemi fyrir aldraða

Rekstrarniðurstaða Íþróttastarfsemi fyrir aldraða var 11.884 þkr sem er 803. þkr (7,3%) hærri en áætlun. Á árinu uppgötvaðist að ekki hafði verið greitt húsaleiga til Íþróttafélagsins Fylkis vegna starfseminnar frá árinu 2007 og var það leiðrétt.

I5600 Heilsuborgin Reykjavík

Rekstrarniðurstaða Heilsuborgarinnar var 3.161 sem er 165 þkr (5,5%) hærri en áætlun.

Heilsuborgin er samstarfsverkefni ÍTR og Orkuveitu Reykjavíkur, ÍTR hefur séð um að greiða alla reikninga og rukkar svo Orkuveituna um sinn hluta í lok árs. Það bættust við nokkrir reikningar eftir að búið var að ganga frá reikningnum til Orkuveitunnar í lok árs.

I6403-I6404 Skíðabrekkur í hverfum

Rekstrarniðurstaða Skíðabrekkna í hverfum var 7.126 þkr. sem er 603 þkr. (9,2%) hærra en áætlun. Skíðafæri í borginni var mjög gott á fyrri hluta ársins og voru mun fleiri opnunardagar en gert hafði verið ráð fyrir.

I2010 Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða kynningar- og markaðsmála var 4.996 þkr sem er 9.011 þkr. (64,3%) undir áætlun. Vegna mikillar óvissu með útkomu ÍTR í heild sinni var reynt að halda útgjöldum á þessum lið í algöru lágmarki.

I2020 Fræðsla starfsmanna

Rekstrarniðurstaða fræðslumála var 22.401 þkr sem er 2.868 þkr. (11,3%) undir áætlun.

Stöðugra starfsmannaumhverfi hafði þau áhrif að hægt var að draga úr kostnaði við nýliðafræðslu sem hefur verið nokkuð dýr á vorin og haustin. Reynt hefur verið að draga eins mikið úr aðkeyptri fræðslu eins og kostur er.

I7600 Menningartengd starfsemi

Rekstrarniðurstaða menningartengdrar starfsemi var 3.064 þkr sem er 535 þkr (14,9%) undir áætlun. Kostnaður við miðbæjarathvarfið var lægri en áætlun hljóðaði upp á.

I8000 17. júní

Rekstrarniðurstaða hátíðarhalda 17. júní var 23.367 þkr. sem er 11.367 þkr. (94,7%) hærri en áætlun.

Í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að ábyrgð á morgunathöfn myndi færast til ríkisins eins og hugmyndir hafa verið í mörg ár. Þessi forsenda gekk ekki eftir. Í ljósi efnahagsástandsins var lagt til að fjármagn til hátíðarhaldanna yrði skorið nokkuð niður en þjóðhátíðarnefnd var ekki tilbúinn í eins mikinn niðurskurð og lagt var upp með.

Auk þess hefur orðið breyting á rekstrarformi framkvæmdasviðs þannig að í stað þess að vera í “ramma” þá er sviðið rekið á gjaldskrá. Þetta hefur þær afleiðingar að hluti af vinnu gatnadeildar sem var hluti af þeirra áætlun á sínum tíma er rúkað fyrir í ár. Á árinu þurfti því að greiða rúmar 4 mkr í vinnu vegna lokunar gatna og hreinsunar sem ekki var gert ráð fyrir. Árið 2006 voru 0,5 mkr greiddar fyrir vinnu Framkvæmdasviðs, árið 2007 ekkert en árið 2008 var krafa um greiðslu komin í 3,1 mkr sem var hafnað á sínum tíma.

I8250 Fólkvangur á Kjalarnesi

Rekstrarniðurstaða Fólkvangs var 4.812 þkr sem er 1.207 þkr. (33,5%) hærri en áætlun. Vísað er í skýringar með útkomu I5060 Íþróttamiðstöðvar á Kjalarnesi vegna frávika.

I8400 Fjölskyldu- og húsdýragarður

Rekstrarniðurstaða Fjölskyldu- og húsdýragarðs var 133.041 þkr. sem er 7.454 þkr. (5,3%) undir áætlun. Að teknu tilliti til áætlaðra áhrifa kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds nemur frávikið 12.522 þkr. eða 8,9% undir áætlun.

Rekstrarskýrsla 2009

Tekjur garðsins voru 132.305 þkr. sem er 20.385 þkr hærra en áætlun. Aðsókn í garðinn var mjög góð á árinu og komu um 186.509 gestir í garðinn sem er hækkun um 22.295 frá síðasta ári.

Launakostnaður nam 157.450 þkr. sem er 3.488 þkr undir áætlun.

Annar kostnaður var 80.724 þkr. sem er 16.405 þkr. yfir áætlun. Aukinn kostnaður vegna aðfanga í veitingasöluna er hluti af skýringunni. Að auki lenti garðurinn í því á árinu að kostnaður vegna skemmdarverkja á tækjum var nokkur sem og endurnýjun á búnaði.

I8460 Sameiginlegur kostnaður

Rekstrarniðustaða sameiginlegs kostnaður var 19.693 þkr. sem er 1.426 þkr. (7,8%) hærra en áætlun.

Kostnaður vegna hækkana stjórnenda Klébergsskóla við yfirfærslu verkefna ÍTR á Kjalarnesi er færður hér, 1,5 mkr, sem ekki var gert ráð fyrir. Sjá frekari skýringar vegna yfirfærslu verkefna á Kjalarnesi við skýringar á kostnaðarstað I5060 Íþróttamiðstöð Kjalarnesi.

I8461 Langtímaveikindi og leyfi

Rekstarniðurstaða langtímaveikinda var 43.530 þkr. sem er 4.545 þkr. (11,7%) hærri en áætlun. Að teknu tilliti til kjarasamnings og hækkunar tryggingagjalds nemur frávikið 4.024 þkr. sem er 10,3% hærri en áætlun.

Gjaldfært á liðnum er afleiddur kostnaður vegna skipulagsbreytinga í Hinu húsinu. Ákveðið var að breyta skipulagi Hins hússins þannig að fækkað yrði um einn deildarstjóra og var honum sagt upp. Þegar á reyndi þá komu þau skilaboð að ekki mætti segja upp starfsmönnum vegna skipulagsbreytinga en samt átti að hagræða. Niðurstaðan var að starfsmanninum sem var sagt upp fékk að halda launum út árið eða þangað til hann fengi annað starf. Kostnaður ÍTR vegna þessa nemur 3 mkr á þessu ári sem ekki var áætlað fyrir.

I8463 Þjónustusamningur við Þjónustumiðstöðvar

Rekstrarniðurstaða Þjónussamnings var 31.460 þkr sem er 7.496 þkr. (31,3%) hærri en áætlun. Í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að hægt væri að gera breytingar á samkomulagi ÍTR við þjónustumiðstöðvarnar þannig að frístundaráðgjafarnir kæmu til starfa á frístundamiðstöðvunum. Frístundaráðgjafarnir hefðu á vegum frístundamiðstöðvanna getað sinnt uppbyggingu og innleiðingu á “nýju” 10-12 ára starfi sem 10 mkr fjárveiting fékkst við endurskoðun áætlunar.

I8465 Leiga tölvubúnaðar – UTM

Rekstrarniðurstaða var 47.235 þkr. sem er 3.251 þkr (7,4%) hærri en áætlun.

Í forsendum var ákveðið að spara upplýisngatæknikostnað meðal annars með því að fækka tengikvíum og Office leyfum. Þessar hugmyndir gengu ekki eftir.

I8999 Lausafjárkaup

Rekstrarniðurstaða lausafjárkaupa var 20.578 þkr. sem er 578 þkr. (2,9%) hærri en áætlun. Megin skýring á þessu fráviki er uppsetning aðgangshliða í sundlaugar.

I9050 Húsaleiga borgarmannvirkja

Rekstrarniðurstaða húsaleigu borgarmannvirkja var 644.658 þkr. sem er 10.320 þkr. (1,6%) hærri en áætlun.

Í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að segja upp leigu á ákveðnum eignum sem ekki gekk upp þegar á reyndi.

I9320 Húsaleigu- og æfingastyrkir

Rekstrarniðurstaða húsaleigu- og æfingastyrkja var 1.487.975 þkr, sem er 30.973 þkr. (2,1%) hærri en áætlun.

Hærri kostnað má rekja til óhagstæðari verðlagsþróunar en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir. Kostnaður vegna leigu stórra mannvirkja; Egilshallar, Íþrótt- og sýningarhallar og húsnæðis fyrir Brettafélagið var nokkuð umfram áætlun vegna verðlagsþróunarinnar, alls kostnaðarauki 15,5 mkr.

Þá fóru styrkir vegna starfsemi Knattspyrnufélagsins Fram í Grafarholti, sumaræfinga íþróttafélaga og evrópumóts fatlaðra í sundi 10 mkr fram úr áætlun.

Greiða þurfti kostnað vegna gistingar fyrir ReyCup 2008 til Menntasviðs 1,2 mkr., sem hefði átt að koma á árið 2008.

I9340 Frístundakort

Rekstarniðurstaða Frístundakorts nemur 377.479 þkr. sem er 8.341 þkr. (2,3%) hærra en áætlun.

Á árinu var samþykkt að breyta reglum um heimild forráðamanna til ráðstöfunar. Eftir breytinguna var heimilt að ráðstafa frístundakortinu í frístundaheimili sem rekin eru af ÍTR. Ráðstafanir á árinu vegna frístundaheimilanna námu rúmum 16 mkr. Leiða má líkur að því að stór hluti af þessum ráðstöfunum hefðu ekki átt sér stað ef reglunum hefði ekki verið breytt, þar sem frístundaheimilin eru jafnvel eina skipulagða tómstundastarfið sem mörg þessara barna eru í.

I9997 Leiga lausafjármuna

Rekstrarniðurstaða leigu lausafjármuna nam 10.669 þkr. sem er 3.312 þkr. (45%) hærri en áætlun. Ekki hafði verið gert ráð fyrir leigu á klórframleiðslutæki í Laugardalslaug á þessum lið, en tækið hefur sparað Laugardalslauginni töluverða fjármuni í kaup á klór á árinu.